



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Breyting á þjónustuflokki íbúðakjarna á Laugavegi

Lagt er til að fyrirhugaður íbúðakjarni á Laugavegi 105 verði færður úr þjónustuflokki II í þjónustuflokk III til að unnt sé að mæta stuðningsþörfum væntanlegra íbúa. Áætlaður viðbótarkostnaður vegna breytinganna á árinu 2023 er metinn 26 m.kr. fyrir tvo mánuði í rekstri 2023 eða 155 m.kr. á ársgrundvelli fyrir árið 2024.

Greinargerð:

Í samræmi við lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og ákvörðun velferðarráðs frá 18. maí 2017 um niðurlagningu herbergjasambýla í áföngum til 10 ára, var tillaga samþykkt í velferðarráði 18. ágúst 2021 þess efnis að bjóða íbúum Hólabergs búsetu í nýjum íbúðakjarna í þjónustuflokki II við Laugarveg í eigu Félagsbústaða. Í tillögu þessari er gert ráð fyrir að fjárheimild að Hólabergi flytjist yfir á Laugarveg.

Húsnæðið að Hólabergi 76 er orðið lélegt og í mikilli viðhaldsþörf og því var brýnt að finna nýtt húsnæði fyrir íbúana. Þegar tillagan var samþykkt í ágúst 2021 var þjónustupörf íbúanna þjónustuflokkur II en vegna hækkandi aldurs íbúa og aukinna stuðningsþarfa var farið fram á SIS endurmat sem leiddi í ljós að íbúar Hólabergs uppfylla nú skilyrði þjónustuflokks III fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar fatlanir.

Í Hólabergi búa sex íbúar. Tveir af þeim hafa óskað eftir áframhaldandi búsetu á herbergjasambýli og unnt er að koma til móts við það með því að bjóða þeim flutning í Hlaðbæ en Hlaðbær er að fullu fjármagnaður og því enginn viðbótarkostnaður við þá flutninga. Þrír íbúanna vilja ekki flytja á Laugaveg og munu þeir fá milliflutning í kjarna í útjaðri byggðar að eigin ósk og aðstandenda. Einn íbúi úr Hólabergi mun því flytja í hinn nýja íbúðakjarna á Laugavegi og unnt verður að bjóða einstaklingum, í mikilli neyð, á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk, íbúðir þar. Þannig verður hægt að bjóða núverandi íbúum Hólabergs viðunandi húsnæði í samræmi við óskir þeirra auk þess sem hægt verður að úthluta til einstaklinga á bið eftir húsnæði í þjónustuflokki III þar sem mikill uppsafnaður vandi hefur skapast.

Áætlun fyrir kjarna í þjónustuflokki III miðað við 7 íbúa er 44 m.kr. per rými. Gert er ráð fyrir að á Laugarvegi verði 7 íbúða kjarni og kostnaður verði því 308 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir að fjárheimild 2023 vegna Hólabergs 153 m.kr. flytjist yfir á Laugarveg. Viðbótarkostnaður við rekstur kjarnans á ársgrundvelli er 155 m.kr. en gert er ráð fyrir að kjarninn opni 1. nóvember 2023 og því fjárþörf á árinu 2023 um 26 m.kr.

Fylgiskjal:

Jafnréttisskimun, dags. 30. ágúst 2023.